Nd. 294. Þingsályktun

um lagasetning búnaðarmála.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa og leggja síðan fyrir Alþingi, svo fljótt sem unt er, frv. til laga um heildarskipun mikilvægra búnaðarmála, svo sem ræktunarlög í víðtækri merkingu, lög um ábúð og meðferð jarða, svo og hjúalög.